

Nd.

591. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Við ákvörðun meðalmeðgjafa skal þess gætt í hvert sinn, að þær hækki eigi minna en nemi aukinni dýrtið samkvæmt síðustu vísitölu kauplagsnefndar. Þó skal við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.